

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 44/2007**

**frá 27. apríl 2007**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins Evrópuþingsins <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2005 frá 2. desember 2005 <sup>(3)</sup>, ásamt aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu <sup>(4)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 <sup>(5)</sup> ásamt aðlögunarákvæðum.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006 frá 19. maí 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar söfnun og skipti á upplýsingum um öryggi loftfara sem nota flugvelli Bandalagsins og stjórnun upplýsingakerfisins <sup>(6)</sup>.
- 5) Aðlögunarákvæði, sem mælt er fyrir um að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1592/2002, skulu, eftir því sem við á og nema kveðið sé á um annað, gilda að breyttu breytanda um aðra löggjöf Bandalagsins sem veitir Flugöryggisstofnun Evrópu umboð og felld hefur verið inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB):

„66ra. **32006 R 0768**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006 frá 19. maí 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 29, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 53.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 37.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 16.

varðar söfnun og skipti á upplýsingum um öryggi loftfara sem nota flugvelli Bandalagsins og stjórnun upplýsingakerfisins (Stjtíð. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 16).“

2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002):

„s) Ofangreind aðlögunarákvæði skulu, eftir því sem við á og nema kveðið sé á um annað, gilda að breyttu breytanda um aðra löggjöf Bandalagsins sem veitir Flugöryggisstofnun Evrópu umboð og felld hefur verið inn í þennan samning.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 768/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.